

Tilmæli 22/2022  
Tillaga A 1910/UVN  
Afgreidd af Norrænu velferðarnefndinni

## Nefndarálit um svar við tilmælum 22/2022 um norrænt samstarf um langvarandi COVID

Norræna velferðarnefndin leggur til að Norðurlandaráð taki mið af svari við tilmælum 22/2022 um norrænt samstarf um langvarandi COVID og áltí *afgreiðslu þeirra lokið* af hálfu ráðsins.

### Bakgrunnur

Tilmælin eru svohljóðandi:

Norðurlandaráð beinir tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

- að skipuleggja norræna læknisfræðirannsókn og aðgerðir gegn sjúkdómnum langvarandi COVID sem byggjast á þeirri reynslu og þekkingu sem þegar er til um aðra sjúkdóma í kjölfar veirusýkinga
- að efla samstarf um meðhöndlun langvarandi COVID á Norðurlöndum.

### Svar Norrænu ráðherranefndarinnar

Norræna ráðherranefndin er sammála tillögu Norðurlandaráðs um að efla norrænt samstarf um lyfjarannsóknir og miðlun þekkingar og reynslu af aðgerðum í baráttu gegn langvarandi COVID og getur upplýst Norðurlandaráð um að ýmis norræn verkefni eru í gangi á þessu sviði.

### Bakgrunnur

Talið er að 10% þeirra sem smitast af COVID-19 finni fyrir langvarandi einkennum, sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur skilgreint sem heilkenni langvarandi COVID. Samantekt Folkehelseinstituttet í Noregi á þekkingu úr rannsóknum sem liggja fyrir um eftirköst COVID-19 leiddi í þjós að fylgni var á milli alvarlegra veikinda af COVID-19 sem kröfðust innlangar á sjúkrahús, hvort sem um innlögn á gjörgæslu var að ræða eða ekki, og fleiri einkenna við eftirfylgni eftir sex og tólf mánuði. Almenn einkenni, taugafræðileg einkenni og einkenni í lungum eru algengust. Eins og er liggur lítil þekking fyrir um eftirköst og langtímahorfur eru óþekktar. Ef eftirköstin verða langvinn er hætta á langvarandi veikindum sem hafa í för með sér afleiðingar fyrir bæði einstaklinga og samfélagið, til dæmis brottfalli af vinnumarkaði eða úr háskólanámi.



Í Svíþjóð, Danmörku, Finnlandi og Noregi hafa verið útbúna landsbundnar leiðbeiningar fyrir eftirfylgni með einstaklingum sem glíma við eftirköst COVID-19. Sumir sjúklingar með langvarandi einenni finna fyrir flóknum, viðvarandi og mörgum ólíkum einkennum eftir að alvarlegasta hluta sýkingarinnar er lokið.

Á formennskuári Noregs í ráðherranefnd félags- og heilbrigðismála 2022 var þess vegna sett af stað nýtt verkefni, *Þekkingarþróun í kjölfar COVID-19*, sem á að stuðla að auknu norrænu samstarfi og miðlun reynslu af nýjum sviðum í kjölfar kórónuveirufaraldursins, svo sem heilkenni langvarandi COVID-19. Norræna rannsóknaráðið (NordForsk) hefur umsjón með verkefninu.

Bakgrunnur verkefnisins er sameiginlegt viðfangsefni Norðurlandanna; hvernig meðhöndla skal fólk sem finnur fyrir langvinnum einkennum eftir að hafa smitast COVID-19. Í fyrsta hluta verkefnisins verður lög áhersla á að komast að samkomulagi um skilgreiningu á heilkenni langvinnis COVID-19, bestu venjum og klínískum leiðbeiningum og að koma á tengslaneti og samstarfi. Í öðrum hluta verður kannað hvort tengja megi verkefnið Nordic Commons, þar sem gögn um COVID-19 gætu nýst sem tilraunaverkefni/notkunarsvið fyrir innviði og sem grundvöllur fyrir heilbrigðisvísindagreiningar og hagnýtar klínískar rannsóknir og/eða klínískar rannsóknir með slembiröðun.

Ráðherranefndin um félags- og heilbrigðismál telur því mjög mikilvægt að halda áfram að undirbúa miðlun reynslu, þverfaglegt samtarf, þróun þekkingar um áhrif mismunandi meðferðarúræða og þekkingarmiðlun með rannsóknum sem tengjast eftirfylgni slíkra sjúklinga og framtíðarhorfum þeirra. Þetta getur falið í sér klínískar rannsóknir og rannsóknir á gögnum sem liggja fyrir, jafnvel hvort tveggja í sameiningu. Á vegum NordForsk eru einnig fjármögnuð ýmis verkefni um almannaöryggi eftir kórónuveirufaraldurinn, sem ætlað er að draga lærdóm af kórónuveirufaraldurinum út frá mismunandi sjónarmiðum, bæði lækisfræðilegum og samfélagslegum. Einnig er áformað að setja á laggirnar nýtt rannsóknarverkefni um lífsgæði barna og ungmenna á Norðurlöndum eftir heimsfaraldurinn, með það markmið að varpa ljósi á langtímaafleiðingar faraldursins á andlega heilsu, menntun og lífskjör barna og ungmenna. Auk þess er áformað að styrkja rannsóknarverkefnið um 3 millj. da. kr. til viðbótar samkvæmt samkomulagi Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar um fjárhagsáætlun.

#### **Afgreiðsla tilmælanna í Norrænu ráðherranefndinni**

Norræna ráðherranefndin sér að það er nú þegar unnið að viðtæku norrænt samstarf um langvinnt COVID með aðgerðum sem stuðla að miðlun þekkingar og reynslu innan Norðurlandanna, í samræmi við tilmæli Norðurlandaráðs. Mikil tækifæri eru til miðlunar reynslu og þverfaglegs samstarfs um til dæmis matsrannsóknir, eftirfylgni sjúklinga með klínískum rannsóknum og rannsóknir á fyrirbyggjandi gögnum, jafnvel



hvort tveggja í sameiningu. Einnig er hægt að kanna samfélagslegar afleiðingar, svo sem fyrir vinnumarkað og menntun, lífskjör og lífsgæði.

Ráðherranefndin styður þess vegna tillögur um að efla norrænt samstarf um rannsóknir og aðgerðir til að sporna gegn langvinnu COVID-19 og auka samstarfs um meðhöndlun þess á Norðurlöndum, sjúklingum, heilbrigðisstofnunum, vísindamönnum og öðrum aðilum á Norðurlöndum til góða. Þetta er vinna sem ráðherranefndin vill að haldi áfram.

*Norræna ráðherranefndin telur hér með að orðið hafi verið við tilmælunum.*

### **Sjónarmið nefndarinnar**

Nefndin þakkar Norrænu ráðherranefndinni fyrir svarið við tilmælum 22/2022 um norrænt samstarf um langvarandi COVID.

Það er nefndinni fagnaðarefni að Norræna ráðherranefndin taki undir tillögu Norðurlandaráðs um að efla norrænt samstarfs um lyfjarannsóknir og að afla þekkingar og reynslu af aðgerðum gegn langvinnu COVID. Nefndin býður því niðurstaðna og framkvæmda hinna ýmsu samnorrænu aðgerða á þessu sviði sem Norræna ráðherranefndin hefur upplýst upp.

Nefndin lítur svo á að með þessu svari við tilmælum 22/2022 um norrænt samstarf um langvarandi COVID sé *afgreiðslu þeirra lokið* af hálfu ráðsins.